




BRÝNIÐ



2. árg. 1.tbl

Fréttablað félags áhugamanna um tréskurð

Apríl 1997

Afslættir

Húsasmiðjan Skútuvogi.	10%
Efnagerð Laugarnes Smiðjuveg 28C græn gata Sími: 567-0150	15%
Efnissalan Smiðjuveg 9 gul gata Sími: 554-5400	10%
Ásborg Smiðjuveg 11 gul gata Sími: 564-1212	10%
Ingbór Haraldsson hf. Hamraborg 7 að norðan Sími: 554-4844	10%
Sögin hf. Höfðatún 2 Sími: 552-1884	10%
Smiðabær Skæringur M. Baldursson Sími: 567-6588	10%
Verslunin Brynja Laugaveg 28 Sími: 552-4320	10%
Hurðaiðjan Kársnesbraut 98	5%
BYKO hjá BYKO er félagið skráð sem viðskiptaaðili og þarf að gefa upp kennitölu þess áður en reikningurinn er gerður til að fá þennan afslátt.	12%

Félagsskírteini

Vegna anna stjórnarmanna við sín daglegu störf, og tréskurðaráttu í frítíma hefur dregist að gefa út fréttabréfið.

Það þýðir þó ekki að ekkert hafi verið starfað eins og glöggst kemur fram hér og í öðrum greinum blaðsins. Félagsskírteinin eru nú tilbúin og verða þau send til allra þeirra sem greitt hafa árgjaldið fyrir 1997.

Mjög margir höfðu ekki gefið upp kennitölu við inngöngu í félagið og hefur nú vonandi tekist að finna réttu kennitöluna, ef svo er ekki þá vinsamlegast látið mig vita. Margir hafa nú þegar greitt árgjaldið og eru þeir sem gleymt hafa nú hvattir til þess að draga fram giróseðilinn og tölta í næsta banka svo við getum sent þeim skírteinið sem sent verður í sérstöku bréfi fljótlega. Í listanum hér vinstra megin er að sjá þau fyrirtæki sem veita okkur afslátt eins og sést eru þetta þau fyrirtæki sem versla með áhöld og efni sem við notum og sjálfsagt að beina viðskiptum til þeirra vil ég nota tækifærið til að þakka þeim kærlega fyrir góðar móttökur. Eins fær banki okkar Búnaðarbanki Íslands Kópavogi sérstakar þakkir fyrir auglýsingu á bakhlið félagsskírteinsins svo og allan styrk við félagið.

Með kærri kveðju
Evert K. Evertsson

ATH. hafi einhver greitt en ekki fengið skírteinið þá vinsamlegast hafið samband.

Tréskurðarsýning 1996.

Tréskurðarsýning FÁT í nóv. á sl. ári tókst með miklum ágætum. Hátt í sexhundruð manns komu að skoða hina ýmsu muni sem á sýningunni voru. Það voru níu félagar sem sýndu þar verk sín sem vöktu öll verðskuldaða athygli þó sér í lagi verkið lífstré eftir hina landsþekktu listakonu Sigríði frá Grund, skorið út í Íslenst birkir og Bardagamaðurinn Mikli eftir Jón Adólf. Aðsókn sýndi það glögglega að mikil og vaxandi áhugi er fyrir tréskurði hér á landi og fullyrða má að sýning sem þessi sé kvati til tréskurðarmanna að gera góða hluti og taka þátt í vorsýningu sem verður í enda maí. Frekar verður sagt frá þeirri sýningu í næsta fréttablaði.

Friðgeir Guðmundsson

Hannes Flosason

Í tilefni þess að í ár eru liðin tuttugu og fimm ár frá því að Hannes Flosason, myndskurðarmeistari byrjaði kennslu í tréskurðarlist þótti okkur sem að þessu bréfi stöndum rétt að vekja athygli á þessum tímamótum. Við ræddum við Hannes og fengum að vita að á þessu tímabili hafa á annað þúsund nemenda verið á námskeiðum hans. Viðvera nemenda hafa verið frá einu tveggja mánaða til tólf ára samfelld. Meðaltals viðvera er u.þ.b. fimm ár. Úrval verkefna er nú um 250 þar af helmingur sem telja má nytjalist og helmingur sjónlist. Í lok apríl n.k. er fyrirhuguð skyggusýning á verkefnum skólans ásamt myndum frá vorsýningum liðinna ára. Staður og stund verður kynnt í Morgunblaðinu. Í lok viðtals bað Hannes fyrir kveðju til sinna mörgu nemenda

Góður skurður gulli betri!

Frá Ferðanefnd

Aformað er að efna til göngu og kynnisferðar um miðbæ Reykjavíkur um miðjan maí til þess að skoða útskurð sem þar er að finna. Ætlunin er að skoða útskurð sem þar er að finna, og meðal annars að skoða Baðstofu lðnaðarmanna en hún er staðsett í gamla lðnskólahúsinu að Lækjargötu 14 en Ríkharður

Jónsson skreytti hana ríkulega með útskurði sínum. Húsið skemmdist af eldi en baðstofan hefur verið endurbyggð en þar er einnig að finna útskorinn lampa eftir Ríkharð. Þá verður vinnustofa Ríkharðs Jónssonar að Grundarstig 15 skoðuð. Ennfremur stendur til að skoða biskupsstólinn og krossinn yfri altarinu í Landakotskirkju sem Ríkharður Jónson skar út og ef til vill brjóstmynd af Jóni Arasyni. Einnig er hugmyndin að skoða þann útskurð sem er að finna í Alþingishúsinu og litið verður á húsa og gluggaskraut sem er að finna í miðbænum. Hittumst öll við

útskorna hurð fjármálaráðuneytis laugardaginn 24 maí kl. 13:00. Þaðan verður lagt upp í gönguna en að göngunni lokinni er tilvalið að fá sér kaffisopa á einhverju af kaffihúsum miðbæjarins.

Ábendigar um fleiri staði til að skoða útskurð í leiðinni eru vel þegnar. Nánar verður sagt frá

þessari ferð í næsta fréttabréfi.

Vorsýning

Félagið stefnir að því að halda sýningu á smíðamunum félagsmanna í lok maí og viljum við því eindregið hvetja félagsmenn til þess að vera ófeimna við að sýna verk sín því án siningagripa verður enginn sýning.jafnvel þótt haustsýningin hafi tekist með ágætum sýndu ekki nema níu manns af öllum félagsmönnum sem eru um hundrað og sextíu en þetta er ekki keppni heldur aðeins sýning. Dagsetning sýningarinnar verður auglýst betur í næsta blaði sem kemur út í maí.

Vinsamlegast skráið ykkur sem allra fyrst hjá einhverjum eftirtalinna.

Jón Adólf	sími: 896-6234
Örn Sigurðsson	sími: 551-2517
Bjarni Þór	sími: 568-4654
Halldór	sími: 565-6122

Ian Norbury

Undirritaður hefur verið á námskeiðum hjá Englendingnum Ian Norbury. Hann hefur sýnt því mikinn áhuga að koma til Íslands og halda námskeið í tréskurði en hans sérgrein er styttingar. Þetta verða þriggja daga námskeið frá kl. 9-5 og mun það kosta 30.000 kr. per. mann og yrði haldið í sept. - okt. '97 hámarks fjöldi á hverju námskeiði eru sex og er ég nú að skrá niður þá sem sýnt hafa þessu áhuga.

Upplýsingar í síma: 554-0178;
896-6234

Jón Adólf Steinólfson



BRÝNIÐ



Innritað til
póstflutnings

2 árg. 1. tbl
Brýnið-Fréttablað Félags
Áhugamanna um Tréskurð
Pósthólf 409, 202 Kóp.